

1.

Höfundur ljóðsins saknar meyarinnar er líkist öllu því besta í heiminum. Mynd hennar líður honum aldrei úr minni. Aðrar konur blikna í samanburði við hina einu sem stendur honum ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Þegar hillir undir ævikvöldið undrast hann hví örlögin gerðu honum ekki kleift að ganga við hlið hennar gegnum lífið.

a) Skrifðu orðin **aðrar konur** í: (4)

ef.et. _____

ef.ft. _____

b) Skrifðu orðið **meyja** í: (2)

þgf.,et.,m.gr. _____

ef.,ft.,m.gr. _____

c) Finndu í textanum **sex nafnorð með greini**. (3)

d) Í textanum eru **tvö óákveðin fornöfn**. Finndu þau bæði. (2)

e) Í textanum eru **tvö ábendingarfornöfn**. Finndu þau bæði. (2)

f) Sýndu dæmi um notkun orðanna: (2)

hilla _____

hylla _____

g) Finndu **tvær sterkar sagnir** í textanum og beygðu þær í **kennimyndum**. Finndu a.m.k. **sex afleidd orð** af hvorri sögn. (8)

2. Settu orðin í svigunum rétt í eyðurnar. (12)

Ég fór til **(Eygló)** _____ í gær. Hún var þá í bíó með **(Jón Þór)** _____ . Ég hringdi þá til **(Mörður)** _____ og bað hann að hitta mig á kaffihúsi. Hann sagðist vera að fara út með **(Ýr)** _____ og var alveg til í að hitta mig. Ég settist inn á Vinaminni og hitti þar **(Reynir)** _____ féлага minn. Við fórum að spjalla saman og hann sagði mér frá ferðalagi þeirra **(Hrund)** _____ og **(Sara Mjöll)** _____. Þegar vinirnir komu ákváðum við að fara öll til **(Gunnur Sif)** _____ og **(Dögg)** _____.

3. Orðin sem hér fara á eftir hafa öll a.m.k. tvenns konar merkingu. Sýndu fram á að svo sé með því að búa til setningar. (6)

lag a) _____

b) _____

svið a) _____

b) _____

mark a) _____

b) _____

4. Settu X við réttar málsgreinar. (10)

- | | |
|--------------------------------------|----------------------------------|
| a) _____ Ertu ástfanginn í henni? | _____ Ertu ástfanginn af henni? |
| b) _____ Hvenær er lagt á stað? | _____ Hvenær er lagt af stað? |
| c) _____ Lærðirðu ljóðið utanaf? | _____ Lærðirðu ljóðið utanað? |
| d) _____ Gerðu ekki grín að mér! | _____ Gerðu ekki grín af mér! |
| e) _____ Barnið lék sér að kubbum. | _____ Barnið lék sér af kubbum. |
| f) _____ Leitaðu af henni! | _____ Leitaðu að henni! |
| g) _____ Ertu hrifinn af Sif? | _____ Ertu hrifinn að Sif? |
| h) _____ Þeir fara oft erlendis. | _____ Þeir eru oft erlendis. |
| i) _____ Viltu hvorki kók eða pylsu? | _____ Viltu hvorki kók né pylsu? |
| j) _____ Spáðu í þetta! | _____ Spáðu í þessu! |

5. Finndu **orsakarsagnir** eftirfarandi sagnorða og skrifaðu þær á línurnar. (5)

- fljúga _____
- drekka _____
- sníða _____
- brenna _____
- fara _____

6. Búðu til málsgrein eftir þessari forskrift. Hún verður að vera í nöklegu samhengi. Mundu að beygja rétt. (4)

no.+ st.+ no.+ so.+ so.+ so.+ fs.+ no.

7. Búðu til málsgrein eftir þessari forskrift. Hún verður að vera í röklegu samhengi. Mundu að beygja rétt. (4)

eink.+ frl.+ tl.+ frl.+ eink.+ ums.+fsl.+fsl.

8. Hvaðan gætu þessi textabrot verið tekin? (5)

a) „Síðan fara Austmenn frá skipi eftir verk þetta. Þeir fara um Dýrafjörð og fá sér hesta og vilja nú til vistar sinnar. Þeir fara dag þann og um nóttina uns þeir koma í dal þann er gengur upp af Skutilsfirði og eta þar dögurð og fara að sofa síðan.“

() Úr *Rauðu ástarsögunum*

() Úr SMS-skilaboðum

() Úr Íslendingasögunum

b) „Kæru gestir. Mér er það sönn ánægja að sjá hve margir hafa séð sér fært að mæta hingað í kvöld. Ég mun fyrst renna yfir dagskrárliðina og kynna síðan ræðumenn jafnóðum og þeir stíga í ræðustól...“

() Brot úr framsöguræðu

() Brot úr tækifærisræðu

() Ávarp

c) „Steini skemmti sér prýðilega, þótt honum þætti þessi hellir sem systkinin bjuggu í ekki sérlega vistlegur. Þarna var alltof mikið af allskonar drasli úr spýtum og tuskum sem xxx sögðu að væru stólar og sófar til að sitja í eða borð til að sitja við. Þetta hlaut að vera mjög óþægilegt.“

() Úr einni af glæpasögum Arnaldar Indriðasonar

() Úr íslenskri barnabók

() Úr Íslendingasögum

d) „Er á Þórunni, fer ekki af henni. Sendu sængina.“

() Textabrot úr SMS-skilaboðum

() Textabrot úr jólakorti

() Úr símskeyti

e) „Í þessu euangelio útskýrist með ljósum orðum mjög skilmerkiliga, hvör og hvílíkur að sé Heilagur andi, sú þriðja guðdómsins persóna, sem er að hann er einn sannur almáttugur Guð með Föðurnum og Syninum, af þeim báðum fram gangandi, hvör eð með Föður og Syni hefur alla hluti skapað, hvörn allir kristnir menn lofa og dýrka jafnt með Föðurnum og Syninum, hann sem býr....“

() Textabrot í kansellístíl

() Textabrot úr afmælisræðu

() Textabrot úr fyrirlestri

9. Greindu orðin í setningarhluta með því að setja X í viðeigandi sviga. (10)

	frl.	frlíg .	us.	andl.	sf.	eink.	vl.	fl.	al.	tl.	aukafl.
Báðir	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
kettirnir	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
mínir	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
létu	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
sig	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
hverfa	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
nýlega.	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
Það	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
virðist	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
ekki	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
vera	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
nokkur	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
leið	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
að	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
halda	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
Þessum	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
dýrum	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
heima	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
hjá	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
sér.	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()

10. Greindu orðin í orðflokka með því að setja X í viðeigandi sviga. (10)

	no.	lo.	to.	fn.	so.	fs.	ao.	st.	nhm.	uh.
Mikil	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
stemmning	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
var	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
á	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
leiknum,	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
tæplega	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
600	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
manns	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
fylltu	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
bekkina.	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
Pallarnir	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
voru	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
þegar	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
orðnir	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
þéttsetnir	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
hálf tíma	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
fyrir	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
þennan	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
skemmtilega	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()
leik.	()	()	()	()	()	()	()	()	()	()

11. Lesskilningur (10 stig)

Lestu eftirfarandi texta með athygli og leystu verkefnið sem fylgja.

Friðland við ysta haf

Þann 4. september í fyrra, stigum við félagarnir um borð í eina af flugvélum Flugleiða. Flutti hún okkur á vit óbyggða Hornstranda og friðlandsins við ysta haf. Ætlun okkar var að eyða þar næstu viku og ganga sem leið liggur úr Hesteyrarfirði um Aðalvík, Fljótavík, Hlöðuvík og Hornvík, þaðan suður í Furufjörð og enda í Hrafnfirði.

Við lentum á Ísafirði í dumbungsveðri og röltum okkur inn á hótelið, þar sem við afreðum að gista fyrstu nóttina. Þrátt fyrir að ákveðið væri að leggja af stað í lítilli bátkænu yfir Djúpið, kl. tvö á laugardegi, gátu sumir ekki á sér setið að kanna næturlífið á Ísafirði og dvaldist þeim fulllengi við það. Ástand þeirra var því ekki beysið er laugardagsmorgunninn rann upp, ekki bjartur og fagur, heldur blés úr norðaustri og þykk skýjahula lá yfir landinu með stöku skúrum.

Er niður að bryggju kom, beið okkar lítill hraðbátur sem ætlað var að ferja okkur yfir að Hesteyri. Í hann var staflað sex bakpokum og á eftir klöngruðumst við farþegarnir og stýrimaðurinn sá sjöundi. Ekki leist okkur á blikuna er út úr höfninni kom. Gekk þá sjórinn í sífellu yfir bátinn og að lokum fór það svo að utanborðsmótorinn drap á sér í mestu látunum. Rak okkur þá strax í átt að grjótgarðinum við höfnina, en sem betur fór var hægt að koma vélinni í gang aftur, áður en í óefni var komið. Við sáum að það var óðs manns æði, að halda áfram við svo búið, enda búnir að böðlast fyrir utan höfnina í hálfan tíma og séð að með þeim hraða yrðum við löngu búnir með allt nestið okkar, er til Hesteyrar kæmi. Snerum við því til hafnar og þar var heppnin aldeilis með okkur er við stigum í land, því okkur var útvegaður stærri bátur sem lét sig ekki muna um smáöldugjálfur. Í Guðmundi Þara þeystum við svo yfir Djúpið, og lögðum við gömlu hvalstöðina á Hesteyri. Eftir að hafa fetað okkur í land á fúnum og hálum staurunum, kvöddum við bátsverja sem ætluðu svo að sækja okkur aftur í Hrafnfjörð, að viku liðinni.

Áður en við örkuðum af stað varð okkur gengið upp að húsarústum hvalstöðvarinnar sem starfrækt var þarna um aldamótin. Þar ber hæst háan

reykháf, múrsteinum hlaðinn, og í kringum hann byggingar meira eða minna að hrúni komnar. Þar öxluðum við byrðar og héldum af stað áleiðis til Aðalvíkur...

Benedikt Hálfðanarson
Brot úr grein í Áföngum, 4. tbl. 1988.

1. Um hvers konar texta er hér að ræða? Merktu með krossi í réttan reit.

- skáldsögu
- lesendabréf
- ferðasögu
- frétt
- annál

2. „Ástand þeirra var því ekki beysið“. Á hverju byggir höfundur textans þá fullyrðingu? Merktu með krossi í réttan reit.

- Ferðalangarnir voru þreyttir eftir flugið til Ísafjarðar.
- Þeim leist ekkert á bátkænuna sem átti að flytja þá yfir Djúpið.
- Laugardagurinn var ekki bjartur og fagur.
- Þeir voru ekki búnir að jafna sig eftir næturlífið á Ísafirði.

3. „... í dumbungsveðri“ í 1. línu annarrar efnisgreinar merkir

- í ofsaveðri
- í úrhelli
- í logni
- lágskýjað og lygnt

4. Finndu tvær sagnir í textanum sem tákna a) hreyfingu, b) verknað.

- 1. _____
- 2. _____
- 3. _____
- 4. _____

5. Í textanum koma fyrir nokkur orðtök eða föst orðasambönd, t.d. „sitja á sér“ og „óðs manns æði“. Finndu tvö orðtök eða föst orðasambönd til viðbótar í textanum.

1. _____

2. _____

6. „Þar öxluðum við byrðar“. Hér er um eiginlega merkingu skáletruðu orðanna að ræða. Hvað merkir „að axla byrðar“ þegar það er notað sem orðtak í daglegu máli?

7. Í textanum er þess getið að ferðamennirnir hafi komið að húsarústum. Hvar voru þær? Merktu með krossi við nákvæmasta svarið.

Í óbyggðum Hornstranda við Ísafjarðardjúp.

Í Hornvík á Hornströndum.

Við Djúpið hjá gömlu hvalstöðinni.

Á Hesteyri við Djúpið.

Við bryggjuna í Hrafnfirði.

8. Um borð í litla hraðbátnum voru

sex manns

sjö manns

fimm manns

kemur ekki fram

Gleðileg jól